

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

Einstefnuakstur verður á Vesturgötu til vesturs frá Seljavegi að Ánanaustum. Strætisvögnum Reykjavíkur verður þó heimilt að aka í báðar áttir um Vesturgötu.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 10. apríl n. k.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 30. mars 1984.

Sigurjón Sigurðsson.

3. apríl 1984

Nr. 180

SAMÞYKKT**um hundahald í Seyðisfjarðarkaupstað.**

1. gr.

Hundahald er bannað í Seyðisfjarðarkaupstað.

2. gr.

Bæjarstjórn eða heilbrigðisnefnd í hennar umboði er heimilt að veita undanþágu frá banni við hundahaldi með eftirgreindum skilyrðum:

- a) Eigandi skal án tafar láta skrá hund sinn á bæjarskrifstofu. Við skráningu fær eigandi hunds merkta plötu, sem ætíð skal vera um háls hundsins.
Við skráningu skal hund eigandi undirrita yfirlýsingu um að hann skuli í einu og öllu fara með hund sinn eftir fyrirmælum samþykktar þessarar eins og hún er nú og síðar verður breytt.
- b) Eiganda er skylt að kaupa ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi, þannig að tryggt sé, að tryggingin taki til alls tjóns, sem hundur kann að valda án nokkurra óeðlilegra skilyrða að mati bæjarstjórnar.
- c) Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa, nema smalahunda á þeim tíma, er þeir eru sannanlega notaðir við smalamennsku, svo og minkahunda, dýrahunda og sporhunda, þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanns. Alla aðra hunda skal hafa í tryggju haldi, en heimilt er að hafa þá í taumi úti við í fylgd með manni, sem hefur fullt vald yfir þeim. Eigi er heimilt að hafa með sér hunda, þó í taumi séu, inn í skólahús, almennar skrifstofur, samkomuhús eða verslanir, svo og starfsstöðvar hverju nafni sem nefnast, þar sem úrvinnsla, meðferð eða geymsla matvæla á sér stað.
- d) Hundaeigendum er skylt að sjá svo um að hundar raski eigi ró manna með hávaða eða gelti, eða verði mönnum til óþæginda á annan hátt.
Þegar hundar eru í festi á húsalóðum skal festin við það miðuð að óhindrað megi ganga um dyr íbúðarhúsa.

Skilyrði fyrir hundahaldi í sambýlishúsum er að allir íbúðareigendur samþykki slíkt og skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu hunds, er gildi þar til bæjarstjóra berst skrifleg afturköllun frá einhverjum íbúðareiganda.